



Strandabyggð
Hafnarbraut 25
510 Hólmavík

Dagsetning
Málsnúmer

4. júní 2025
ATRN25050200

Efni: Niðurfelling varnarlína vegna sauðfjársjúkdóma

Atvinnuvegaráðuneytið hefur undanfarið unnið að endurskoðun auglýsingar nr. 88/2018 um varnarlínur vegna sauðfjársjúkdóma og hefur ráðherra nú staðfest breytingar á varnarlínunum. Við vinnuna var tekið mið af verndarstigsflokkun varnarlína eins og þær koma fram í Landsáætlun um útrýmingu sauðfjárriðu sem er sameiginlegt stefnuskjal stjórnvalda og Bændasamtaka Íslands, https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MAR/Fylgiskjol/240708_MAR_Utryming-saudfjarriðu_V2.pdf

Um varnarlínur gilda ákvæði laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Í 2. mgr. 23. gr. laganna er fjallað um niðurlagningu varnarlína en ákvæðið er svohljóðandi:

„Því aðeins er ráðherra heimilt að leggja niður varnarlínur að fram hafi farið ítarlegt heilbrigðiseftirlit á búfé á þeim varnarsvæðum sem að línunni liggja og að fengnum meðmælum Matvælastofnunar. Gefa skal aðliggjandi sveitarfélögum kost á að eignast girðingarnar endurgjaldslaust, enda taki þau ábyrgð á að girðing valdi ekki slysum eða tjóni.“

Fyrir liggja meðmæli Matvælastofnunar um að fella niður þrjár varnarlínur að þessu sinni, þær eru Kollafjarðarlína, Vatnsneslína og Jökuldalslína. Í meðmælum stofnunarinnar kom meðal annars eftirfarandi fram:

„Kollafjarðarlína: Úr Kollafirði í Ísafjarðarbotn.

Sama sjúkdómastaða er beggja vegna línunnar. Austan megin línunnar hefur riða aldrei komið upp og vestan hennar hefur riða ekki komið upp síðan 1984, eða í 40 ár. Svæðin beggja vegna línunnar eru garnaveikifrí. Mörg ár eru liðin síðan síðast voru lagðir fjármunir til viðhalds á girðingunni og er ástand hennar þannig í dag að hún ýmist liggur niðri með tilheyrandi slysaþættu fyrir skepnur eða hún hefur verið fjarlægð. Kollafjarðarlína tilheyrir C-flokki – lægsta verndarstigsflokki varnarlína skv. Landsáætlun um útrýmingu sauðfjárriðu.“

Ráðuneytið óskaði eftir athugasemdum frá Bændasamtökum Íslands um fyrirhugaðar breytingar á fyrrnefndum varnarlínunum. Engar athugasemdir bárust fyrir gefinn frest.

Með hjálagðri auglýsingu um varnarlínur vegna sauðfjársjúkdóma verður auglýsing nr. 88/2018 felld úr gildi og þar með er Kollafjarðarlína ekki lengur varnarlína. Gildistaka verður við birtingu í Stjórnartíðindum sem er áætluð 19. júní n.k. Með vísan til 23. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim er sveitarfélaginu Strandabyggð hér með gefinn kostur á að eignast girðinguna sem mynda Kollafjarðarlínu endurgjaldslaust. Óskað er eftir að svör berist ráðuneytinu fyrir **7. júlí 2025**.

F.h. ráðherra



Sigurborg Daðadóttir

Hjálagt: Auglýsing um varnarlínur vegna sauðfjársjúkdóma

Samrit sent á eftirfarandi sveitarfélög:

Reykholahreppur

Súðavíkurhreppur